



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundarboð

Fundur nr. 269 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn miðvikudaginn 19. júní 2019 kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundin sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

Ytri Sólheimar 1 – Umsögn um byggingarleyfi.

Benedikt Bragason sækir um byggingarleyfi fyrir starfsmannahús við Ytri Sólheimar 1, aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Skipulagsnefnd samþykkir að taka málið fyrir og að það verði liður númer 8 á málaskrá.

-Samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

Skipulagsmál:

1. Sólheimajökulsmelar – Breyting á aðalskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna Sólheimajökulsmela. Um er að ræða stækkun á svæði fyrir verslun og þjónustu úr 1 ha í 5,5 ha.

Skipulagið var auglýst frá 14. júní til 26. júlí 2018 og bárust engar athugasemdir nema umsagnir frá forsætisráðuneyti, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun.

Nefndin frestar afgreiðslu málsins þar til umsagnir frá Veðurstofu Íslands, Vegargerðinni, Ferðamálastofu, Kötlum Jarðvang og Minjastofnun hafa borist.

-Samþykkt samhljóða

2. Hvamból – Breyting á aðalskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps við Hvamból. Um er að ræða skilgreiningu verslunar og þjónustusvæðis.

Skipulagið var auglýst frá 14. júní til 26. júlí 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðin.

Nefndin frestar afgreiðslu málsins þar til leyfi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur borist, sem og umsagnir frá Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Ferðamálastofu.

-Samþykkt samhljóða

3. Sólheimajökulsmelar – Breyting á deiliskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar breytingu á deiliskipulagi Sólheimajökulsmela. Skipulagið var auglýst frá 14. júní til 26. júlí 2018 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Nefndin frestar afgreiðslu þar til breytingar á aðalskipulagi eru samþykktar.

-Samþykkt samhljóða

4. Hvamból – Deiliskipulagstillaga.

Tillaga að deiliskipulagi vegna Hvamból í Mýrdal lögð fram til afgreiðslu. Deiliskipulagið nær yfir um 3 ha svæði í landi Hvambóls og gert er ráð fyrir stækkun á núverandi íbúðarhúsi, nýju íbúðarhúsi og gistihúsum fyrir ferðarþjónustu.

Nefndin frestar afgreiðslu þar til breytingar á aðalskipulagi eru samþykktar.

-Samþykkt samhljóða

5. Mánabraut 16-24 / Sunnubraut 17-25 – Umsókn um byggingarleyfi.

Guðgeir Sigurðsson sækir um byggingarleyfi fyrir bílskúr við Mánabraut 16-24 / Sunnubraut 17-25. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

-Samþykkt samhljóða

6. Sunnubraut 33 – Umsókn um stöðuleyfi.

Páll Tómasson f.h. Bergrún ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gámur 20 feta við Sunnubraut 33, gert er ráð fyrir verkfærageymslu.

Páll Tómasson yfirgefur fundinn

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um að sveitarstjórn samþykki umsókn um lóðina til Páls.

-Samþykkt samhljóða

7. Austurhluti Víkur- Breyting á aðalskipulagi.

Umræða um breytingar á austurhluta Víkur, máli var frestað á fundi nr. 268.


Nefndin samþykkir breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps, austurhluti Víkur og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.

-Samþykkt samhljóða

8. Ytri Sólheimar 1 – Umsögn um byggingarleyfi.

Benedikt Bragason sækir um byggingarleyfi fyrir starfsmannahús við Ytri Sólheimar 1, aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Í samræmi við skipulagslög þarf að leggja fram deiliskipulag fyrir mannvirki. Í skilmálum sama kafla segir m.a. helstu skilmálar á landbúnaðarlandi snúa að byggingum stakra húsa, þ.m.t. frístundahúsa, sem ekki eru í tengslum við bújarðir eru eftirfarandi: Lóðarhafi/landeigandi skal leggja fram





deiliskipulag með umsókn sinni um byggingarleyfi, sem sýnir staðsetningu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða.


Í skipulagslögum segir m.a. þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í þessi tilviki sé ég ekki að það eigi þar sem um er að ræða 1348,9 m² sem er ekki í sæmræmi við aðrar byggingar.


-Samþykkt samhljóða

Fundi slitið klukkan 17:26



Drifa Bjarnadóttir


Jónas Erlendsson


Óðinn Gíslason


Kristján Þórðarson


Páll Tómasson


George Frumuselu